

Mættir: Kristján Geirsson, Ragnheiður Garðarsdóttir, Magnús Andrésdóttir og Helga Erla Albertsdóttir. Gestir fundarins voru þau Haraldur Axel Einarsson skólastjóri og Bryndís Jóna Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Fjarverandi: Arnar Stefánsson og Davíð Heimisson

Heiðarskóli 3. október 2016 kl. 20:00. Fundargerð Kristján Freyr Geirsson

Dagskrá:

1. Staða fjármála og greiðsluseðla.
2. Staða bekkjarfulltrúa.
3. Verkefni vetrarins.
4. Seta í skólaráði.
5. Starfsáætlun FFHS 2016-2017.
6. Önnur mál.

Nýir stjórnarmeðlimur bættist í hópinn en það er hún Helga Erla Albertsdóttir og bjóðum við hana hjartanlega velkomna til samstarfs.

1. Staða fjármála og greiðsluseðla:

Magnús fór yfir stöðu fjármála. Staðan góð. 300 þúsund á bók og 200 þúsund á varabók. 279 greiðsluseðlar sendir á heimili. 2000 krónur á heimili óháð fjölda barna.

2. Staða bekkjarfulltrúa:

Eitthvað bæst í bekkjarfulltrúa en vantar töluvert uppá.

3. Verkefni vetrarins:

Haraldur og Bryndís nefndu áhugavert verkefni sem heitir Skáld í skólum, skapandi skrif sem þau hafa áhuga á að taka inn í skólann. Verkefnið kostar 70 þúsund krónur. Stjórn FFHS samþykkti að styrkja verkefnið að fullu.

4. Seta í skólaráði:

Klárt afgreitt á síðasta fundi.

5. Starfsáætlun FFHS 2016-2017:

Starfsáætlun rædd við skólastjórnendur. Ekki talin þörf á starfsáætlun frá FFHS til skólastjórnenda til innlagnar við starfsáætlun skólans.

6. Önnur mál:

Bryndís sagði frá verkefni sem þau hafa áhuga á að koma með inn í skólann fyrir foreldra barna í skólanum um lesblindu. Stjórninni leist mjög vel á það og ætlar Bryndís að kanna þetta frekar og hugsanlega leita til stjórnar með aðkomu að því verkefni.

KFG sagði frá formannafundi foreldrafélaganna á vegum FFGÍR sem haldinn var í Fjölskyldusetrinu 29. september kl. 18.00. Þar var rætt um fyrirlestur sem haldinn

verður í Stapanum þann 3. október um heilsueflandi samfélag, líðan ungs fólks, foreldrasáttmála og læsisáttmálann, tilboð á buffi til barna – buffið merkt og í lit hvers skóla og fyrirlestur Vöndu Sigurðardóttur sem haldinn verður í Akademíunni þann 19. október fyrir alla foreldra barna í grunnskólum í Reykjanesbæ um einelti.

Fundi slitið 21:00